

Svo brýnist fram til bús og þings
 Um bygðir Vestur-Íslendings,
 Að sækja fram og gera gagn:
 Hvert geymt og aukið bæjar-magn!
 Og sérhver þar í sveit hann kemst.
 En sigurinn þeim sem hugar fremst!

Við eignum tungu, eignum ljóð,
 Við eignum sæmd og heima-þjóð.
 Og væri ei horskum heiðurs-snjalt
 Að hafa stækkað þetta alt,
 Og reisa yfir íslenzk bein,
 Í álfum tveim, þann bautastein?

Pví svo er að hugsa sína þjóð,
 Að sé ei hennar tign of-góð
 Hver aukin fremd og uppgangs-ráð,
 Til alls 'ún hafi næga dáð—
 En hindra þeirra mið og märk,
 Sem máginn smækka' og stela' 'ans kjark.

Svo legg til, drengur, arð og óð,
 Að eignast sjálfur land og þjóð!
 Unz sérhver fyrir brjósti ber
 —Í bardaga sem háður er
 Um landnám forn og óðul ung—:
 Þann uppvaxandi skautkonung.

STEPHAN G. STEPHANSSON.

